

## **Nefndasvið Alþingis**

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. apríl 2017

### **Frá Katla DMI ehf - Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun árin 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.**

Katla DMI ehf. er innanlandsferðaskrifstofa sem hefur sérhæft sig í þjónustu við ferðaheildsala í þýskumælandi hluta Evrópu. Fyrirtækið hefur starfað frá árinu 2003 en fyrir þann tíma var starfsemin til sem hluti ferðaskrifstofunnar Katla Travel GmbH í München. Hjá Katla DMI ehf. í dag starfa að staðaldri 12 starfsmenn auk fjölda leiðsögumanna og bílstjóra yfir sumartímamann. Katla DMI ehf. kaupir þjónustu hjá rúmlega 200 ferðapjónustufyrirtækjum á Íslandi.

Þau neikvæðu áhrif sem gríðarleg gengisstyrking krónunnar er þegar farin að hafa á komu ferðamanna hingað til lands, ekki síst næsta vetur og næsta sumar, hafa greinilega ekki verið höfð til hliðsjónar þegar lagt var upp með hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustuna í fjármálaáætlun næstu 4 ára.

Næsta vetur 2017/2018 og sumarið 2018 mun gjaldskrá Köttlu DMI hafa hækkað í evrum vel yfir 30% frá byrjun árs 2016. Tveir þriðju hlutar eru vegna gengisþróunar og þriðjungur vegna launahækkana. Þessi hækkun skilar þannig ekki krónu í auknar tekjur til fyrirtækisins. Og þá situr eftir óvissa vegna enn frekari styrkingar gengisins.

Að láta sér detta í hug við þessar aðstæður í íslenskri ferðapjónustu að rúmlega tvöfalda virðisaukaskatt á atvinnugreinina er ekki ásættanleg hugmynd.

#### **Dæmi um neikvæðu áhrifin**

Hækkunin vegna launa- og gengisþróunar ein og sér er þegar farin að höggva skörð í starfsemi fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna að í gær (26. apríl 2017) þurftum við að hætta við 300-400 milljón króna „pakka“ fyrir þýska ferðamenn næsta vor. Katla DMI hafði unnið að því um tíma í samvinnu við ferðaheildsöluþjónustufyrirtækið Mundo Reisen í Þýskalandi, Hótel Örk í Hveragerði og Hótel Klett í Reykjavík að koma í loftið leiguflugverkefni frá 1. maí til 20. júní 2018. Um var að ræða samtals 8 flugferðir á sjö vikna tímabili, ca. 150 gestir per viku eða rúmlega 1.000 gestir og 7.500 gistinætur, að stærstum hluta í Hveragerði á mjög góðum tíma fyrir okkar þjónustuaðila. Mundo Reisen fór með þetta verkefni í dreifingu en fékk til baka skýrt „nei“ frá sínum viðskiptavinum. Söluaðilar eru ekki tilbúnir að taka pláss og orku frá fyrir Ísland á þessu verði sem við erum að bjóða þrátt fyrir að verðlagning okkar samstarfsaðila hér innanlands í krónum talið sé mjög hófleg. Við vorum því í gær að skila rúmlega 80 herbergjum í 7 vikur til Hótel Arkar og Hótel Kletts.

Ferðaskrifstofa á borð við Köttlu DMI, sem einkum þjónar traustum og stöðugum markaði fyrir ferðamenn frá Mið-Evrópu, vinnur langt fram í tímann. Við sjáum þróunina oft langt á undan öðrum í okkar bransa. Aðstæður á þessu markaðssvæði, Mið-Evrópu er nú þegar alvarlegt vegna stöðu krónunnar. Það skal tekið fram að þetta verkefni, sem var núna blásið af, átti að fara í loftið áður en kemur til VSK hækkunar fjármálaráðherra á ferðapjónustu. Tekjutap okkar af að missa svona verkefni

nemur verðmæti 2-3 heilsársstarfa, að ekki sé talað um tapaðar tekjur hótela, flugfélags og hópferðafyrirtækja. Og þetta er bara eitt lítið dæmi.

### **Afkoman versnar og versnar**

Svo virðist sem afstaða stjórnvalda til stöðu ferðapjónustunnar byggist á ársreikningum og afkomu hennar árið 2015, sem var sögulega einstakt. Nokkur stór fyrirtæki í atvinnugreininni skiluðu þá góðum hagnaði, nýting mannvirkja og búnaðar var einstaklega góð og gengi krónunnar var ekki farið að styrkjast að ráði. Árið 2016 sýndi allt aðra og verri afkomu, ekki síst vegna þess að mjög mörg fyrirtæki þurftu að taka á sig gengistap. Á þessu ári, 2017 tekur botnin úr. Við erum t.d. með vinsælar hótelhringferðir sem byrja 1. apríl og eru í gangi út október 2017. Þessar hópferðir eru miðaðar við gengið 135 kr. fyrir evruna, en við verðum að búast við að ná hugsanlegu meðaltali 112 kr. fyrir evruna í sumar. Það þarf ekki stærðfræðing til að sjá að með meðaltalsálagningu í okkar bransa uppá 12% erum við sem ferðaskrifstofa að niðurgreiða hótelhringferðir sumarsins 2017. Ekki er hægt að hækka verð til neytenda sem búið var að semja um fyrir 12-18 mánuðum síðan.

Á þessu ári borgum við með starfseminni: Verðskrá þjónustu okkar var ákveðin í evrum fyrir meira en ári og síðan þá fást stöðugt færri krónur fyrir evruna. Til að verjast frekara tapi þarf veruleg hækkun í evrum að koma til. Ef síðan á að bæta virðisaukaskatti ofan á þær upphæðir frá og með miðju ári 2018, þá er það einfaldlega dauðadómur yfir þessum rekstri.

### **Ferðamennirnir fara bara annað**

Viðbrögð erlendra viðskiptavina okkar í Þýskalandi, Austurríki, Sviss og Hollandi eru á einn veg. Þeir segja að ferðamenn á þeirra vegum fari einfaldlega annað. Þeir láta ekki bjóða sér svona mikla verðhækkun jafnvel þó að náttúruupplifunin hér sé stórkostleg er hún ekki einstök.

Það er súrt til þess að hugsa fyrir okkur sem höfum verið lengi í ferðapjónustu, að þegar greinin okkar loksins nær að blómstra, þá hrynur gólfið (gjaldmiðlakerfið) sem við ætluðum okkur að standa á undan okkur. Afleiðingar þess eiga enn eftir að skila sér af miklum þunga og mestu áhrifin sjást strax næsta vetur og sumarið 2018.

Ferðalög eru ekki eins og hver önnur hrávara sem hægt er að stýra með verðlagningu einni saman. Ef ferðapjónusta er verðlögð út af markaðnum, þá eyðileggur það upplifun ferðamannsins og tekur langan tíma að vinna það til baka. Það tekur langan tíma að vinda ofan af slíku tjóni.

### **Enginn ávinningur ef atvinnugreinin hrynur**

Með óraunsæjum skattahugmyndum fjármálaáætlunar við núverandi kringumstæður er verið að setja 24 þúsund störf í ferðapjónustu í verulega hættu. Ekki aðeins það, heldur er meira en líklegt að ríkissjóður fái minni tekjur ef virðisaukaskattur verður hækkaður. Áætlað er að atvinnugreinin skili u.þ.b. 90 milljörðum króna í ríkiskassann á þessu ári - með flestar greinar hennar í neðra þrepi virðisaukaskatts. Hrun ferðapjónustunnar á næsta ári gæti þurrkað þessar tekjur út að stórum hluta. Hvorki þjóðarbúið né atvinnugreinin hafa mikinn ávinning þó að fjöldi ferðamanna komi hingað til að stoppa stutt og sleppa því að ferðast um landið. Það er sú tegund ferðamanna sem við munum fá ef verðlag hér fer út yfir allt velsæmi.

Þeir ferðamenn sem skila okkur mestum ávinningi eru þeir sem ferðast um landsbyggðina, einkum ferðamenn frá miðevrópu sem stoppa lengi og eyða miklu í gistingu, afþreyingu, menningu, mat og drykk. Þessir verðmætu ferðamenn skapa grundvöllinn fyrir tilveru íslenskrar ferðapjónustu. Þeir

koma óháð sveiflum í náttúrufari. En eins og aðrir hafa þeir sín takmörk þegar kemur að gríðarlega miklum verðhækkunum.

Rökstuðningur stjórnvalda fyrir þessum áformum er illa ígrundaður og virðist ekki byggður á athugunum á mögulegum afleiðingum þeirra.

Virðingarfyllt

f.h. Katla DMI ehf.

Pétur Óskarsson